

# LOSUNARSTAÐIR FERÐSASALERNA

LEIÐBEININGAR



# Losunarstaðir ferðasalerna, leiðbeiningar

Júní 2023

**Útgefandi** Umhverfisstofnun

Unnið í samvinnu við heilbrigðiseftirlitin

**Útgáfunúmer** UST-2023:09

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

[www.ust.is](http://www.ust.is)

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Kröfur í lögum og reglugerðum.....	4
3. Fyrirkomulag á losunarstað fyrir ferðasalerni .....	5
3.1 Losunarstaður tengdur fráveitu sveitarfélags.....	5
3.2 Losunarstaður tengdum safntanki á staðnum .....	5
3.3 Losunarstaður fyrir vatn úr eldhúsvöskum og sturtu (grávatn) .....	6
6. Merkingar .....	9



## 1. Inngangur

Salernisúrgangur frá ferðaklósettum inniheldur bakteríur og efni sem geta verið skaðleg heilsu fólks og umhverfi. Til að koma í veg fyrir dreifingu þessara efna er mikilvægt að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku á úrganginum og gæta vel að hreinlæti á losunarstöðum skólps.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar starfsemi sem tekur á móti salernisúrgangi úr ferðasalernum og fyrir eftirlitsaðila að framfylgja í eftirliti.

## 2. Kröfur í lögum og reglugerðum

Samkvæmt lögum nr. 9/2009 bera sveitarfélög ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna og þar á meðal móttöku og meðhöndlun skólps. Í lögunum kemur einnig fram að vegna frárennslis frá annarri starfsemi en venjulegri heimilisnotkun er heimilt að innheimta gjald vegna losunar á skólpi (2. mgr. 14. gr.).

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hafa heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eftirlit með öllum fráveitum, samþykkja allar nýjar og endurbættar fráveitur og veita leyfi fyrir búnaði sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna gefa jafnframt út starfsleyfi fyrir hreinsivirki fráveitu sem meðhöndla meira en 50 pe. af skólpi sem og móttökustöðvar úrgangs í samræmi við IV. viðauka í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðeins sveitarfélögum er skylt að taka á móti úrgangi úr ferðasalernum en aðrir aðilar með starfsleyfi hjá heilbrigðisnefndum geta tekið á móti slíkum úrgangi komi það fram í starfsleyfi.

Sam dæmi um slíka aðila má nefna:


- Tjaldsvæði
- Gististaði
- Bensínstöðvar

## 3. Fyrirkomulag á losunarstað fyrir ferðasalerni

Salernisúrgangur frá ferðasalernum inniheldur ýmiss konar efni sem **eiga ekki að fara í lítil hreinsivirki** (t.d. rotþró og siturbeð). Efnin eru bakteríudrepandi og geta því hægt á og skemmt fyrir náttúrulegu niðurbroti lífrænna efna í hreinsivirkjum. Að auki getur verið annar úrgangur í ferðasalernum, s.s. blautþurrkur, sem þarf að hreinsa frá áður en skólp er losað út í vatn eða sjó.

Grávatn er lítið mengað vatn úr eldhúsvöskum og sturtum sem yfirleitt er nægjanlegt að losa í grjótpúkk.

Svartvatn er mengað skólpvatn úr salernum



### 3.1 Losunarstaður tengdur fráveitu sveitarfélags

Losunarstaðir sem geta og ætla að tengjast fráveitu sveitarfélags skulu fá samþykki sveitarfélags fyrir tengingu. Sækja skal um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar fyrir móttökustað fyrir úrgang áður en starfsemi hefst.

### 3.2 Losunarstaður tengdum safntanki á staðnum

Á stöðum þar sem ekki er mögulegt að tengjast safnkerfi sveitarfélags skal setja upp safntank fyrir salernisúrgang ferðasalerna. Safntankinn skal tæma eftir þörfum af aðila sem hefur til þess starfsleyfi. Úrganginn má losa í næstu hreinsistöð sveitarfélags að því gefnu að leyfi fyrir slíkri losun liggi fyrir frá sveitarfélagi. Jafnframt skal sækja um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar fyrir móttökustað fyrir úrgang áður en starfsemi hefst.

Hafa skal samráð við heilbrigðisnefnd um stærð safntanks. Mælst er til þess að nýir safntankar séu ekki minni en 12.000 lítrar (u.þ.b. 100 tæmingar úr eldhúsvaski og salerni ferðavagns) en stærð safntanks skal vera í samræmi við umfang hvers staðar fyrir sig.

### 3.3 Losunarstaður fyrir vatn úr eldhúsvöskum og sturtu (grávatn)

Ekki er æskilegt að losa grávatn úr eldhúsvöskum og sturtum í safntank fyrir úrgang úr ferðasalernum á losunarstað sem ekki er tengdur við fráveitu sveitarfélags. Grávatn er lítið mengað og má því losa í hefðbundna rotþró/hreinsivirki eða grjótpúkk.



## 4. Kröfur til losunarstaða

Til að koma í veg fyrir sýkingarhættu og mengun í umhverfi er mikilvægt að tryggja að aðstaða til losunar á salernisúrgangi og þrifa á búnaði sé góð. Því eru gerðar eftirfarandi kröfur sem losunarstaðir skulu uppfylla.

### Staðsetning

- Losunarstaðurinn skal staðsettur og hannaður þannig að auðvelt og öruggt sé að komast að honum með ökutæki og ferðavagna.
- Losunarstaður skal vera í hæfilegri og öruggri fjarlægð frá dvalarsvæðum þar sem fólk hefst að jafnaði við, íbúðarhúsnæði, matvælastarfsemi og vatnsbólum.

### Stærð

- Losunarstaður fyrir ökutæki og ferðavagna skal vera að lágmarki 90\*150 cm að stærð og þannig gerður að meginhluti flatarins sé undir farartækinu ef úrgangur er losaður beint út tækinu. Fyrir farartæki sem losa beint úr tönkum þarf losunarstaður að vera að minnsta kosti 300x300 cm.
- Losunarstaður fyrir fjarlægjanlega skólptanka skal vera nægjanlega stór til að auðvelt sé að athafna sig og hella úr skólplátum og skola þau án þess að úrgangurinn fari niður í jarðveg.



## Hönnun

- Yfirborð losunarstaðarins skal vera úr vökvaheldu efni sem auðvelt er að þrifa og með niðurfalli, eftir atvikum tengdu við safntank eða fráveitukerfi sveitarfélags.
- Niðurfall/losunarstútur skal að minnsta kosti vera 210 mm í þvermál í lægsta punkti.
- Þar sem losunarstaður er tengdur við safntank skal niðurfallið/losunarstúturinn vera með þéttu og sjálflokandi loki, helst með handfrjálsum opnunarbúnaði.
- Gæta þarf að því að hafa nægan vatnshalla að niðurfalli og upphækkaða kanta þar sem það á við.
- Aðgengi skal vera að vatni til að skola úrganginn niður og þrifa ferðasalerni. Ef slanga er notuð til þrifa þá má hún ekki liggja í jörðinni heldur þarf hún að vera fest upp þegar hún er ekki í notkun.
- Á losunarstað sem ekki er tengdur við fráveitu sveitarfélags er æskilegt gera ráð fyrir sérstakri aðstöðu til að losa grávatn.
- Æskilegt er að hafa aðstöðu til handþvotta.

**Aðgengi að neysluvatni SKAL EKKI vera á sama stað og aðgengi að skolvatni til að koma í veg fyrir sýkingar af völdum örvera. Mælt er með að losunarstaðurinn sé a.m.k. 15 metra frá neysluvatni. Það má ekki vera hægt að tengja slöngu fyrir neysluvatn við krana fyrir skolvatn og öfugt.**






## 6. Merkingar

Þar sem boðið er uppá aðstöðu til að losa skólptanka bifreiða og ferðavagna skal nota þjónustumerki E02.35 Losun skólptanka, sbr. rgl. nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra m.s.br.

Fylgja skal leiðbeiningum Vegagerðarinnar um málsetningu þjónustumerkisins og um umsókn um uppsetningu þess við þjóðveg<sup>1</sup>. Merkið er vegvísir t.d. úti á vegi til að vekja athygli á þjónustu.



Á hverjum losunarstað fyrir ferðasalerni skal vera skilti úr efni sem þolir veðrun með skýrum notkunarleiðbeiningum. Á skiltinu skal einnig koma fram að vatn við losunarstaðinn sé eingöngu ætlað til skolunar og hreinsunar og ekki til neyslu. Jafnframt mætti nota merki sem leiðbeina fólki um drykkjarhæft vatn. Skilti þessi má fá úr Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum<sup>2</sup>.



**B33**

Losunarstaður fyrir skólptanka



**B38**

Drykkjarhæft vatn



**B19**

Vatn ekki drykkjarhæft

<sup>1</sup> Vegagerðin. [Umferðarmerki Vegagerðin](#)

<sup>2</sup> Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun, Þingvallapjóðgarður og Ferðamálastofa. [Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum.](#)